

Kærleikur

Íhugunaratriði :

- Kærleikurinn kemur að innan
- Kærleikur er umhyggjusemi
- Kærleikur er að deila með sér
- Kærleikur er að vera vingjarnlegur
- Kærleikur gerir mig öruggan
- Kærleikur er að óska öðrum góðs

Markmið:

- Að skapa kærleiksríkt umhverfi.
- Að byggja upp félagslega færni í að deila með sér og sýna umhyggjusemi
- Að sýna kærleika í verki

Við leggjum áherslu á kærleika með því að:

- Leika okkur saman og passa að enginn sé hafður útundan
- Tala fallega og rólega til hvors annars
- Hrósa hvort öðru og brosa
- Líta á hvert og eitt barn sem einstakt
- Hlúa vel að vinum okkar

Deilum gildum okkar til að skapa betri heim

Söngvar og þulur:

- Við erum góð
- Vinur minn
- Álfabeiði
- Við erum dropar
- Jólalög
- Þorralög

Sögur og leikir:

- Hugarflugsæfingar
- Besta knús í heimi
- Bínu bækurnar
- Einar Áskell
- Við erum öll fædd frjáls
- Stjörnusaga
- Brúmmi
- Lífsgildabækur Steinunnar
- Undir heillastjörnu

Umræður:

- Hvað er kærleikur?
- Hver þarfnast kærleika?
- Hvernig er ég kærleiksrík/ur?
- Hvað gerist þegar við brosum til annarra?
- Hvernig líður okkur þegar einhver brosir til manns?
- Hvað er að deila með sér?
- Hvað þykir þér vænt um?
- Hvernig berum við umhyggju fyrir náttúrunni?

Að tengja lífsgildin daglegu starfi

- Við sýnum tillitsemi og erum kærleiksrík í leikskólanum og leikum okkur saman
- Við bjóðum góðan daginn og kveðjum með nafni og bros á vör
- Við vinnum með vináttu í daglegu starfi
- Við leggjum áherslu á kærleiksríkt andrúmsloft
- Við gefum Isabellu jólagjöf
- Við sýnum helgileik í tengslum við jólahátíðina
- Við gefum fuglunum að borða
- Við bjóðum pöbbum og öfum í Bóndadagskaffi
- Börnin teikna mynd af pabba sínum og lýsa honum